

12
7. maí

L Ö G

um

viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir 2. málsgr. 2. gr. laga nr. 79, 14. nóv. 1917, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Enn er bæjarstjórnnum heimilt að gera samþyktir um lokunartíma sölubúða og sölustaða, þar sem innlendir vörur eða innlendir varningur er hafður á boðstólum, t. d. konfektbúða, og um lokunartíma vinnustofa, sem hafa viðskifti við almenning, svo sem rakarastofur, þótt enginn varningur sje þar seldur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.